



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb
umferðarslysa

Reykjavík 29. september 2023
Tilv.: IRN23090043/3.14.0

Efni: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2023

Árlegur alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn **sunnudaginn 19. nóvember 2023**. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni verður dagurinn helgaður fyrstu viðbrögðum og neyðarhjálp á slysstað.

Rótgróin minningarathöfn við þýrlupallinn við Landspítalann verður haldin venju samkvæmt kl. 14 á minningardaginn. Þar verður viðhöfð mínútuþögn, ávörp flutt og þeim starfsstéttum sem veita fyrstu hjálp á slysstað þakkað fyrir óeigingjarnt starf. Starf sem oft er unnið við mjög erfiðar aðstæður en fjöldi fólks á þessum starfsstéttum líf sitt og heilsu að þakka.

Þá verða táknrænar minningarstundir haldnar víða um landið sem félög og sveitir í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu skipuleggja. Streymt verður frá viðburðum í beinni vefútsendingu á Facebook eftir því sem kostur er.

Dagana fyrir minningardaginn verður vakin athygli á málefnum tengd umferðaröryggi og fyrstu viðbrögðum á slysstað í fjölmiðlum, m.a. með viðtölum, myndböndum og kynningu á samfélagsmiðlum.

Einkennislag minningardagsins, When I Think of Angels, í flutningi KK og Ellenar, verður að venju flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum kl. 14. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992.

Við þökkum ykkur öllum fyrir að taka virkan þátt í minningardeginum á liðnum árum. Við hlökkum til samstarfsins í ár og óskum þess fá góðan stuðning við skipulagningu minningardagsins. Hinn árlegi minningardagur er falleg hefð og mikilvæg áminning um hversu áriðandi það er að auka umferðaröryggi með betri samgöngumannvirkjum en ekki síður aukinni árvekni okkar sjálfra, vegfarenda í umferðinni. Þessi minningardagur hefur mikla þýðingu því að við minnumst þeirra sem hafa misst lífið og hugsum til þeirra hafa slasast alvarlega. Minningardagurinn hefur fest sig í sessi og skilað miklum árangri með ykkar stuðningi.

Förum áfram varlega í umferðinni!

Með kærri kveðju

Sigurður Ingi Jóhannsson
Innviðaráðherra